

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 21. febrúar 2005.

Efni: Frv. til I. um br. á lögum nr. 96/2002 um útlendinga. (48. mál.)

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpinu virðist vera ætlað að bæta stöðu útlendinga hér á landi en í greinargerð er fullyrt að hagur þeirra sé fyrir borð borinn í íslenskri löggjöf. Undir þá fullyrðingu tekur Verslunarráð ekki. Þá er í athugasemdum víða kveðið fast að orði og ýmsum alvarlegum athugasemdum kastað fram án nokkurs rökstuðnings. Má nefna sem dæmi um það þá skoðun frumvarpshöfunda að útlendingar búi hér á landi við dvalarskilyrði sem standist varla mannréttindi. Þá virðist ekki hafa verið gerð nein tilraun til þess að leggja mat á það hversu umfangsmikill sá vandi er sem frumvarpshöfundar vilja halda fram að sé fyrir hendi. Eins og fram kemur í athugasemdum eru nú þegar til staðar að lögum heimild stjórnvalda til að bregðast við þeim einstökum málum sem kann að þykja ósanngjarnt fella undir löginn samkvæmt orðanna hljóðan. Í frumvarpinu kemur ekki heldur fram neitt mat á því hver gæti orðið kostnaður íslenska ríkisins, og sveitarfélaga, ef lögfesta ætti það að félagsleg aðstoð væri nægjanleg sönnun framfærslu. Í ljósi þess sívaxandi fjölda sem augljóslega leitar til Íslands og um leið sívaxandi fjölda útlendinga sem þiggja félagslega aðstoð hér á landi hefði ekki verið úr vegi að frumvarpshöfundar veltu fyrir sér þróun eftirspurnar eftir félagslegri aðstoð í kjölfar þeirrar stöðu sem frumvarpið veitir slíkri aðstoð.

Verslunarráð leggst gegn því að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.